

Mál nr. 132/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu í kjölfar laseraðgerðar í andliti árið 2003

Gögn.

1. Málskot móttakið 07.07. 2006, ásamt fylgiskjölum þ.á m. samskipti aðila og vottorð.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M brann í andliti þegar hún gekkst undir lasergeislameðferð á læknastöð lýtalæknis. M kveðst hafa farið í meðferðina að frumkvæði viðkomandi læknis en hún var gerð í því skyni að laga misfellur í húð sem komu í ljós eftir andlitslyftingu sem sami læknir hafði gert.

Á myndum sem teknar voru á andliti M fimm dögum eftir aðgerðina má sjá að M hlaut ”talsverðan bruna í kinnum, á hálsi og í kringum munn...” Aðgerðin var framkvæmd í ágúst 2003 og í vottorði viðkomandi læknis kemur fram að hann gerir ”ráð fyrir því að M muni ná sér að fullu...” sbr. nánar gögn máls þessa.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er tilgreint til hvaða tjonstilvika lögin taki. 1. töluliður 2. gr. lýtur að því hvort rétt hafi verið staðið að læknisaðgerð. Félagið telur að ekkert í þessu máli bendi til annars en að rétt hafi verið staðið að lasermeðferðinni og því komi bætur skv. 1. tl. ekki til greina. Félagið telur að 2. og 3. tl. sömu greinar eigi ekki við því ekkert bendi til að bilum eða galli hafi verið í tæki eða áhöldum eða að aðgerðin hafi ekki verið vel hagað eða í samræmi við þekkingu eða reynslu. 4. tl. sömu greinar tekur til heilsutjóns sem fellur ekki undir 1. – 3. tl. sömu greinar sem ósanngjarnt sé að sjúklingar þoli bótalest að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem fram koma í nefndum 4. tl. þ.á m. að líta skuli til þess hve tjónið er mikið og hvort eða að hve miklu leyti mátti gera ráð fyrir að hætta væri af slíku tjóni.

Vátryggingafélagið vísar til þess að læknar sem skoðað hafi M eftir aðgerðina séu sammála um að rendur sem mynduðust eftir aðgerðina hafi átt að hverfa með tímanum, ”bæði lýtalæknir og húðsjúkdómalæknir. Ástæða þess að litabreytingar hurfu ekki með tímanum hefur ekki verið leidd í ljós”. Félagið vísar til þess að M hafi farið í 4 meðferðir. Þrjár fyrstu sem framkvæmdar voru í janúar – mars 2003 gengu vel og virtust skila árangri. Líkleg skýring á aukaverkunum eftir síðustu aðgerðina telur félagið vera þá að M hafi fyrir aðgerðina verið í sól og byrjuð að fá lit í andlit en í leiðbeiningum fyrir meðferð og í bæklingum sem afhendir eru fyrir aðgerð kemur fram að forðast skuli sólþöð bæði fyrir, meðan á aðgerð stendur svo og eftir meðferð. Forðast skuli sólþöð næsta hálfu árið eftir meðferð. Félagið telur að svo virðist sem M hafi ekki farið eftir þessu. M hafnar því að hafa stundað sólþöð eða annað slíkt eftir meðferðina. Félagið lætur þess m.a. getið í bréfi, dags. 27.07. sl., til nefndarinnar að ”þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir félagsins hefur ekki borist ný ljósmynd eða læknisfræðileg úttekt á því hvert ástand tjonþola sé í dag, en slíkt hlýtur að skipta máli varðandi mat á alvarleika afleiðinga við sanngirnismat skv. 4. tl.” Félagið telur að ekki verði annað ráðið af læknisfræðilegum gögnum í málinu en að tjonþoli eigi ekki að verða fyrir varanlegum skaða. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjon hafi hlotist af meðferðinni og ef svo er hvort leiðbeiningum fyrirtækisins hafi verið fylgt. Að virtum gögnum málsins telur félagið að ekki hafi verið sýnt fram á greiðsluskyldu úr sjúklingatryggingu.

M telur að ekki sé hægt á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja að draga þá ályktun að félagið sé ekki bótaskyld vegna þess tjóns sem hún telur að orðið hafi. M kveðst enn, tæpum þremur árum síðar, bera merki þess í andliti að hafa brunnið í lasermeðferðinni. Ör í andliti og hálsi komi einkum í ljós þegar sól skín á andlit M.

Álit.

Takmörkuð gögn máls þessa sýna ekki fram á að skilyrði bótaábyrgðar séu fyrir hendi samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu.

Ekki liggja fyrir í gögnum máls þessa ítarlegar læknisfræðilegar upplýsingar um ástand M í dag. Fyrirliggjandi læknisvottorð, dags. 20.01. 2005, gefur takmarkaðar upplýsingar um stöðu máls þessa.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun bótaábyrgðar í máli þessu.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.